

Áfangaheiti GESA3GM05

Námsáætlun vorönn 2024



Kennari	Sigríður Ásta Hauksdóttir	Sk.st	SÁH
----------------	---------------------------	--------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verður fjallað almennt um geðheilbrigðismál og mikilvægi geðræktar. Fyrirbærið sjúkdómsvæðing verður skoðað og horft verður gagnrýnum augum á líffræðilegar áherslur í umræðunni um geðraskanir og notkun geðlyfja. Farið er í helstu kenningar um orsakir geðraskana og fjallað um algengustu flokkanir þeirra, t.d. kvíðaraskanir, lyndisraskanir (þunglyndi og geðhvörf) geðklofa, átraskanir og vímuefnafíkn. Kynnt verða meðferðarmódel sem eru í notkun í heilbrigðis- og félagskerfinu auk samfélaga sem vinna með jafningjastuðning og valdeflingu. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist innsýn í aðstæður og aðbúnað þeirra sem búa við geðrænar áskoranir. Rýnt verður í áhrif geðraskana á daglegt líf fólks og upplifun einstaklinga af meðferð og umönnun. Nemendur fá kynningu á eigindlegum rannsóknaraðferðum og markmiðum með þeim.

Nemendur er studdir til þess að þreifa sig áfram á eigin forsendum, vinna með öðrum og fjalla um efnið út frá eigin forsendum og ná lengra byggt á fyrri þekkingu og reynslu.

Markmið:

Þekkingarviðmið, nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- geðheilbrigðismálum og geðrækt.
- sálfræði daglegs lífs.
- sjúkdómsvæðingu.
- kostum og göllum geðlyfja.
- kostum og göllum flokkunarkerfa geðraskana.
- geðröskunum sem tengjast efnamisnotkun.
- geðröskunum sem tengjast líkamlegum einkennum.
- geðheilbrigði aldraðra.
- mismunandi samfélagslegum úrræðum.
- batamiðaðri og valdeflandi þjónustu.
- mismunandi starfsstéttum á sviði geðfatlaðra.
- eigindlegum rannsóknaraðferðum

Leikniviðmið, nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- bæta eigin geðheilsu og annarra.
- greina þá þætti sem að auka geðheilbrigði.
- beita gagnrýnni hugsun á viðfangsefni áfangans.
- greina mismunandi einkenni efnamisnotkunar.
- greina mismunandi tegundir geðraskana sem tengjast líkamlegum einkennum.
- setja sig í spor fólks sem á við geðrænar áskoranir að stríða.
- velja viðeigandi samfélagsleg úrræði hverju sinni.
- afla sér heimilda og upplýsinga á sviði geðheilbrigðismála, greina þær og setja í fræðilegt samhengi.
- beita eigindlegum aðferðum.

Hæfniviðmið, nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta tekið þátt í rökræðum um geðheilbrigðismál og sjúkdómsvæðingu.
- móta eigin geðheilsu og annarra til að verða hæfari þátttakandi í nútímasamfélagi.

Áfangaheiti GESA3GM05

Námsáætlun vorönn 2024



- greina alvarleika ólíkra fíkniraskana með tilliti til áhrifa á daglegt líf.
- greina alvarleika ólíkra raskana sem tengjast líkamlegum vandkvæðum.
- afla upplýsinga um samfélagsleg úrræði fyrir geðfatlaðra til að nota við úrlausn verkefna.
- framkvæma eiginlega rannsókn og gera grein fyrir helstu niðurstöðum.

Námsgögn:

Allt lesefni, myndefni og hlekkir frá kennara er aðgengilegt á Moodle.

Vinnuframlag nemenda:

Í áfanganum er vinnuframlag nemenda metið 120 klukkustundir (hver námseining gerir ráð fyrir c.a. 3ja daga vinnu yfir önnina en áfanginn er fimm einingar). Fimm einingar jafngilda því 15 daga vinnu sem dreifist á vorönnina (janúar- maí). Að meðaltali má því gera ráð fyrir að í hverri viku geti meðalvinnutími í áfanganum verið 8,5 klst. Frávik geta verið í báðar áttir.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttá:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmat spáttá
Vika 1 (22- 29 jan)	Bóklegt	Umræður og dagbók	1,54 %
Vika 2 (29 jan- 4 febr)	Bóklegt	Umræður, dagbók og skilaverkefni	6,46%
Vika 3 (5- 11 febr)	Bóklegt	Umræður, dagbók og skilaverkefni	6,46%
Vika 4 (12-18 febr)	Bóklegt	Umræður, dagbók og skilaverkefni	6,46%
Vika 5 (19-25 febr)	Bóklegt	Umræður og dagbók	1,46%
Vika 6 (26 febr- 3 mars)	Bóklegt	Umræður, dagbók, skilaverkefni og undirbúningur fyrir munnlegt viðtal	8,96%
Vika 7 (4-10 mars)	Bóklegt	Umræður, dagbók og munnlegt viðtal	6,46%
Vika 8 (11-17 mars)	Bóklegt	Umræður, dagbók og skýrsla	11,46 %
Vika 9 (18-24 mars)	Bóklegt	Umræður, dagbók og skilaverkefni	5,46 %
Vika 10 (8-14 apríl)	Bóklegt	Umræður, dagbók og skilaverkefni	7,46 %
Vika 11 (15-21 apríl)	Bóklegt	Umræður, dagbók, skýrsla og undirbúningur ritgerðar	16,46%
Vika 12 (22-28 apríl)	Bóklegt	Umræður, dagbók, undirbúningur og ritgerð	6,46%
Vika 13 (29 apríl - 5 maí)	Bóklegt	Umræður, dagbók, undirbúningur fyrir viðtal og skil á ritgerð	8,96%
Vika 14 (6 maí - 12 maí)	Bóklegt	Umræður, dagbók og viðtal	6,46 %

Áfangaheiti GESA3GM05

Námsáætlun vorönn 2024



Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform: <input checked="" type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Skilaverkefni	Sex skilaverkefni á moodle (4 gilda 5%, 1 gildir 4% og 1 gildir 6%)	30%
Umræður	14 umræður á moodle (hver gildir 0,833%)	10%
Ritun/ritgerð	Eigindleg rannsókn - skilað á moodle	15%
Skýrslur	Tvær skýrslur/greiningar- skilað á moodle (hver gildir 10%)	20%
Viðtal/ munnlegt verkefni	Tvö munnleg verkefni/viðtöl - fyrir og eftir páska. ATH. Lágmarkseinkunn 5, er áskilin úr hvoru verkefni/viðtali fyrir sig til að standast áfangann.	15 %
Vikuleg dagbók	Fjórtán vikulegar sjálfsmatsfærslur nemenda unnið yfir önnina á moodle, tíu bestu gilda (1% hver sjálfsmatsfærsla).	10%
	Samtals:	100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.
Annað: Í áfanganum er símat. Öll verkefni gilda til einkunnar og því mikilvægt að stunda námið reglulega og skila öllum verkefnum. Sjá nánar námsmatsreglur VMA hér: <https://www.vma.is/is/skolinn/um-vma/skolareglur/namsmatsreglur>

Annað sem kennari vill láta koma fram: Áfanginn er í mótun meðan á kennslu hans standur og gert er ráð fyrir að nemendur geti haft áhrif á þróun áfangans og þeirra verkefna sem skila þarf í hverri lotu fyrir sig. Verkefni eru einstaklingsverkefni **nema** annað sé tekið fram og þó nemendur megi og séu jafnvel hvattir til að ræða saman um textana og verkefni en það er ekki leyfilegt að skila verkefni sem einhver annar hefur unnið hvort sem er að hluta til eða í heild sinni.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils